

ERINDISBRÉF

Starfshóps um fyrirkomulag áhættu- og árangursstjórnunar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk starfshóps:

- Að gera tillögu um fyrirkomulag áhættu- og árangursstjórnunar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
- Gera tillögu um notkun stefnumótunar byggða á sannreyntri þekkingu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar (sannreynd stefnumótun).
- Að skoða samlegðaráhrif og hvort skipa megi gæðastjórnun og regluvörslu með áhættu- og árangursstjórnun og gera þá tillögu þess efnis.
- Að gera tillögu um meginmælikvarða og megináhættur í rekstri Reykjavíkurborgar.
- Gera tillögu að áhættustefnu, árangursstjórnunarstefnu og gagnastefnu/stefnumótun byggð á sannreyntri þekkingu.

Starfshópurinn skipa fulltrúar frá:

Fimm í starfshóp: fulltrúar frá fjármálaskrifstofu, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Umhverfis- og skipulagssviði og Skóla- og frístunasviði.

Starfsmaður hópsins:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Starfshópurinn hafi einnig eftirfarandi til hliðsjónar:

- Við skilgreiningu á meginmælikvörðum og megináhættum í rekstri Reykjavíkurborgar og við gerð á drögum að áhættustefnu og árangursstjórnunarstefnu horfi hópurinn til helstu laga og reglugerða sem eiga við um stjórnsýslu sveitarfélaga, samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar 2014-2018 og stefnumörkunar í einstökum málaflokkum.
- Hópurinn horfi til fyrirkomulags árangursstjórnunar og samhæfðs árangursmats þar sem það er enn í notkun í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og meti að hvaða marki megi byggja á því við mótun fyrirkomulags áhættu- og árangursstjórnunar.
- Hópurinn skoði notkunarmöguleika QlikView eða sambærilegs hugbúnaðar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar við að halda utan um áhættu- og árangursstjórnun.
- Hópurinn skoði vinnu starfshóps um gæðakerfi og rekstrarhandbók Reykjavíkur og meti að hvaða marki hægt sé að byggja á störfum hans hvað varðar gæðastjórnun.
- Hópurinn skoði ábendingar innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um áhættu- og árangursstjórnun.

Starfstímabil:

Hópurinn skili niðurstöðum til ábyrgðarmanns þann 30. September 2016.

Reykjavík, 2. maí 2016

Dagur B. Eggertsson

DRÖG